

Mál nr. 61/2008

M og

Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar G.

Kona varð fyrir slysi þegar hún var að fara niður í setlaug á verönd sumarbústaðar þ.
12.5.2005 .

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 8.4.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 21.4.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

M var í sumarbústað og var að fara niður í setlaug á veröndinni en til að komast ofan í setlaugina þurfti hún að fara upp 3 tröppur. Af hálfu M er atvikum þannig lýst að í umrætt sinn hafi verið dimmt, mikið rok, tröppurnar blautar og það hafi fryst smá sem gerði það að verkum að tröppurnar voru flughálar og hafi M mist fótanna í þriðju tröppu og slasast. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu fateignareigandans og telur aðstæður við setlaugina óforsvaranlegar og M hafi í umrætt sinn gætt ítrustu varkárni. V hafnar bótaskyldu og segir að slysið verði rakið til óhappatilviljunar og/eða aðgæsluleysis tjónþola sjálfs.

Álit.

Búnaðurinn við setlaugina sem um ræðir var hefðbundin og ekki hefur verið sýnt fram á sök fasteignareiganda eða einhvers sem hann ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 6.5. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.